

AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001.

Hinn 18. október 2000 var undirritað í Skagen samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2001. Samkomulagið var staðfest af Íslands hálfu 11. júní 2001. Alþingi hafði með ályktun 11. maí 2001 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 14. júní 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

**milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Íslands,
efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu
Jan Mayen á árinu 2001.**

Í samræmi við 3. tölul. I. viðauka við sam-
eiginlega bókun frá 18. október 2000 um niður-
stöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalags-
ins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sam-
bandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-ís-
lenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi
á árinu 2001 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða
samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu
hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrir-
komulagið sem hér segir:

ARRANGEMENT

**between Iceland and Norway on Access to
the Icelandic Economic Zone and the
Norwegian Economic Zone and the Fishery
Zone around Jan Mayen in 2001**

In accordance with paragraph 3 of Annex I to
Agreed Record dated 18 October 2000 of con-
clusions of fisheries consultations between the
European Community, the Faroe Islands,
Iceland, Norway and the Russian Federation on
the management of the Norwegian Spring-
Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in
the North-East Atlantic for 2001, separate bilat-
eral arrangements on access to the respective
zones of fisheries jurisdiction of the Parties have
been concluded.

The following arrangement between Iceland
and Norway shall apply:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2001 heimilt að veiða allt að 132.100 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 5.900 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 94.200 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Skagen 18. október 2000.

Fyrir hönd norsku
sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

Fyrir hönd íslensku
sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

Icelandic fishing vessels are granted access in 2001 to fish 132,100 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 5,900 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2001 to fish 94,200 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Skagen, 18 October 2000.

For the Norwegian
Delegation:
Johán H. Williams

For the Icelandic
Delegation:
Eiður Guðnason